

INNÁ1IS04

Búið til: Mon, 29 Apr 2013 22:57:28 GMT

Titill

Inngangur að náttúruvísindum, starfsbraut

Skammstöfun

INNÁ1IS04

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

inngangur að náttúruvísindum

Viðfangsefni

Inngangur að náttúruvísindum, starfsbraut

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

4

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í þessum áfanga fer fram kynning á náttúruvísindum. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að þekkja og skilja náttúruna og þau öfl sem að móta hana. Sérkenni íslenskrar náttúru, lífríki, jarðfræði og veðurfar verða tekin fyrir. Nemendur læra og þjálfast í algengum hugtökum eins og vegalengdum, metrakerfinu, hitastigi, rúmmáli, massa og eðlismassa. Lögð verður áhersla á að nemendur kynnist þessum atriðum með vettvangsferðum og verklegri kennslu. Nemendur læra einnig að afla sér upplýsinga á netinu og halda kynningar um námsefnið.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- algengustu fuglategundum á Íslandi og hvernig má þekkja þær
- lífríki sjávar og helstu nytjategundir
- hvar eldvirkni er á Íslandi og mögulegar afleiðingar eldgosa
- hvar jarðskjálftar verða á Íslandi og mögulegar afleiðingar jarðskjálfta
- landafræði Íslands
- metrakerfinu og skilji samhengið milli, mm, cm, m og km
- þyngd hluta og skilji samhengið á milli mg, gr og kg
- rúmmáli kassalaga hluta og hvernig hægt er að mæla það
- rúmmáli óreglulegra hluta og hvernig hægt er að mæla það
- eðlismassa hluta og hvernig hægt er að reikna hann út

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina fugla og kunna að nota fuglavísa
- nota landakort til að átta sig á staðhátum
- lesa úr veðurspám og finna veðurspá fyrir ákveðna staði á www.vedur.is
- mæla lengd á hlutum uppá mm, cm og m
- breyta kílómetrum í metra

- mæla þyngd á hlutum
- breyta kílógrömmum í grömm og grömmum í kílógrömm

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og bera ábyrgð á eigin námsframvindu ...sem er metið með... verklegum æfingum umræðum og kynningum
- vinna í hóp til að auka skilning á fyrirbærum í náttúrunni ...sem er metið með... vettvangsferðum og umræðum um þær
- tengja fyrirbæri í náttúrunni við daglegt líf og umhverfi og sjá notagildi náttúrunnar ...sem er metið með... þáttöku í umræðum og verklegum æfingum

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd